



## **210. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn á Microsoft Teams 11. febrúar 2021 kl. 09:00**

Mætt: Elín Einarsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason (fulltrúi kennara), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Lía Garðarsdóttir og Sigursveinn Sigurðsson.

Gestir: Björgvin E. Björgvinsson, áfangastjóri, Haraldur Eiríksson, fjármálastjóri.

Ingvar Pétur setti fundinn.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjárlagareikningur – kynning – HE**

Haraldur fór yfir fjárfestingareikning FSu og sveitarfélaganna sem standa að skólanum fyrir árið 2019. Lítið um fjárfestingar á árinu 2019. Engar athugasemdir gerðar við reikninginn.

Athugasemd frá endurskoðanda um að ekki sé þörf fyrir árlegan fjárfestingareikning ef ekkert er gert. Kostnaður fylgir þessari reikningsgerð. Skólanefnd samþykkir að fara eftir ráðleggingu endurskoðanda í þessum efnum.

Fjármálastjóri fór stuttlega yfir stöðu skólans um áramótin. Stefndi í halla á rekstri skólans en um áramótin kom leiðrétting frá hinu opinbera, meðal annars vegna fjölgunar nemenda og ýmsum kostnaði sem Covid-19 hafði í för með sér, sem varð til þess að reksturinn á árinu 2020 var réttum megin við núllið.

#### **2. Tölfræði vorannar 2021 – BEB**

Björgvin fór yfir nokkrar tölur fyrir vorönnina. Heildarfjöldi nemenda í dagskóla á vorönn var 775 (28. janúar). Heldur fleiri strákar en stelpur stunda nám við skólann (441 og 334). 54 nýir nemendur komu inn um áramótin, aðrir voru skráðir nemendur á haustönn. Helmingur nemenda í dagskólanum er yngri en 18 ára. Þá var einnig farið yfir dreifingu nemenda eftir póstnúmerum. Eins og áður býr rúmlega helmingur nemenda í sveitarfélaginu Árborg. Björgvin fór líka yfir dreifingu nemenda á brautir, 271 er skráður á opna línu stúdentsbrautar og góð aðsókn er í iðn- og starfsnám. 190 á iðnbrautum og 57 á starfsnámsbrautir.

Þá kynnti Olga stuttlega yfirlit yfir einkunnaþróun í nokkrum námsgreinum frá haustönn 2015. Talsverðar sveiflur eru á milli anna, þó mismiklar eftir greinum. Rætt um möguleikann á að bera þessar tölur saman við árangurinn fyrir styttinguna svokölluðu, þ.e.a.s. fyrir haustönn 2015. Kanna líka fjölda nemenda sem brautskrást af iðnnámsbrautum og síðar af stúdentsbraut.

#### **3. Heimavist – OLG**

Olga Lía fór yfir stöðu mála með heimavist skólans. Afar lítil nýting hefur verið á henni fram að þessu. Eingöngu einn nemandi er þar núna og hefur hann verið frá því að heimavistin opnaði fyrir áramót. Í dag er skólinn með 15 herbergi til umráða. Reynt hefur verið að kynna úrræðið fyrir nemendum sem uppfylla skilyrði um aldur og búsetu en án árangurs hingað til þrátt fyrir að ekkert eiginlegt fjarnám fari fram. Samningurinn er til næstu áramóta. Ef



aðsóknin eykst ekki í haust verður ekki leitast við að endurnýja samninginn. Vonandi eykst nýtingin í haust.

#### 4. Kvöldskóli – SMS

Aðstoðarskólameistari fór yfir stöðuna í kvöldskólanum. Nám í húsasmíði, rafvirkjun og tækniteiknunar var auglýst og fór svo það náðist í hópa í húsasmíði og rafvirkjun en ekki í tækniteiknunar. 13 nemendur eru skráðir í rafvirkjun (tjú karlar og þrjár konur) og sami fjöldi í húsasmíði (sama kynjaskipting sömuleiðis). Kennsla hófst mánudaginn 11. janúar og er kennt á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum frá kl. 16:30 til 19:20 og þá er einnig kennt á laugardögum, frá kl. 9 til 13.

Lýst var yfir ánægju með þetta námsúrræði og minnst á mikilvægi þess fyrir svæðið og að leitað verði leiða til að halda megi áfram á þessari braut.

#### 5. Tilfærsla starfsnáms að Reykjum til FSu– OLG/SMS

Olga Lísá fór yfir málið. Bréf barst frá ráðuneytinu 23. desember þess efnis að til stæði að starfsmenntanám í garðyrkju færi yfir til FSu. Þetta er spennandi verkefni en á sama tíma mjög flókið í framkvæmd. Ýmis mál sem þarf að leysa.

Aðstaðan að Reykjum hefur verið í miklu fjársveldi lengi og hafa Ríkiseignir ekki haft húsnaðið á sínum snærum til þessa. Til að það verði þarf að klára ákveðnar viðgerðir svo sem á skálanum svokallaða sem er í gangi núna. Allt starfsfólk FSu sem vinnur að tilfærslunni er sammála um að þetta, ásamt ýmsum þáttum sem snúa að fjármagni námsins, sé skilyrði fyrir tilfærslu námsins til okkar.

Ljóst er að aðlaga þarf ýmislegt í rekstri námsins að umhverfi FSu, svo sem kjarasamning FF sem er um margt ólíkur núverandi kjarasamningi kennara að Reykjum og getur mögulega hækkað kostnað námsins í heild sinni.

Skólameistari hefur bókað fund með ráðherra til að fá svör við ýmsum spurningum sem tengjast þessari vinnu. Til viðbótar við þau atriði sem koma fram hér að ofan myndum við vilja sjá ákveðnar breytingar á skipulagi námsins sem snúa meðal annars að því að opna námið fyrir yngri nemendum, án þess þó að skerða aðgengi eldri nemenda, en meðalaldur núverandi nemenda er nokkuð hár, mun hærri en í FSu sem dæmi. Framtíð staðarhalds að Reykjum er einnig ekki ljóst enn þá og segja má að það séu mismunandi sjónarmið hjá Lbhí og FSu hvað það varðar. Margt þessu tengt sem þarf að skýra áður en lengra er haldið.

Vinnuhópur FSu hefur fundað með ýmsum aðilum sem tengjast málinu, starfsmönnum menntamálaráðuneytis og landbúnaðarháskólans, starfsmönnum í garðyrkjuskólanum og aðilum úr atvinnulífinu.

Olga hafði vonast eftir því að þetta myndi ganga betur og hraðar og að við gætum mögulega tekið inn nýja nemendur í haust. Sennilega verður það ekki mögulegt. En þess ber að geta að hingað til hafa nemendur eingöngu verið teknir inn annað hvert ár í þetta tveggja ára nám. Næsta vetur verður því hópur í skólanum sem lýkur náminu vorið 2022.



Spurt var um tækifæri sem við sjáum fyrir skólann við þessa tilfærslu. Olga nefndi til að mynda tækifæri sem tengjast umhverfismálum í víðu samhengi.

Lýst var yfir á fundinum að gæta þurfi að því að rekstur skólans sé tryggður af hálfu ríkisins og að yfirfærsla námsins verði með fullnægjandi hætti.

**6. Önnur mál:**

- a. Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur er fyrirhugaður 15. apríl kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:16

Fundarritari,

Sigursveinn Sigurðsson